



## 436. fundur

**haldinn í bæjarráðssal,  
fimmtudaginn 17. apríl 2008 og hófst hann kl. 17.00**

### **Fundinn sátu:**

Gretar Daníel Pálsson, Berglind Axelsdóttir, Elísabet Lára Björgvinsdóttir  
varamaður, Erla Friðriksdóttir bæjarstjóri, Þór Örn Jónsson bæjarritari.

**Fundargerð ritaði:** Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Gretar D. Pálsson setti fund og fól Erlu bæjarstjóra fundarstjórn.

- 1. 0803041 - Fundargerð umhverfisnefndar, dags. 08.04.2008 (15. fundur).**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2. 0804018 - Fundargerð fræðslunefndar, dags. 07.04.2008 (91. fundur).**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 3. 0804007 - Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis, dags. 01.04.2008 (25. fundur).**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 4. 0803042 - Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 01.04.2008 (105. fundur).**

Fundargerð framlögð.

**Liður 1** byggingarleyfisumsókn. Reitarvegur 6A, íbúðarhús.

Jon Nordstein kt. 180756 2139/Arkitektar Ólöf og Jon ehf. sækja um byggingarleyfi f.h. Eddu Baldursdóttur kt. 160385 2869 á íbúðarhúsi við Reitarveg 6A sbr. teikningar frá Arkitektastofu Ólöf og Jon ehf. dags. 26.03.2008. Stærðir: 153 m<sup>2</sup>, 482,6 m<sup>3</sup>.

Samþykkt að grenndarkynna umsókn fyrir eigendum Reitarveg nr. 2, 4, 4a og 6, með fyrirvara um, að skriflegt samþykki lóðarhafa við Reitarveg nr. 6 liggja fyrir vegna framkvæmda á lóðarmörkum.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

**Liður 2** Smiðjustígur 3. Umsókn um viðbyggingu og breytingu á lóð.

F.h. Sæferða ehf, María Valdimarsdóttir sækir um að byggja 62 m<sup>2</sup> glerskála við vesturhlíð hússins ásamt að breyta bílastæðum og aðgengi á lóð samkvæmt bréfi dags. 25.03.2008 og teikningum frá Verkfræðistofu EK dags. mars 2008.

Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum m.a um flóttaleiðir og samþykki meðeigenda.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

**Liður 3** Hamraendi 5. Umsókn um skilti og breytingar á hurð.

F.h. Mjaðar ehf, Gissur Tryggvason óskar eftir að setja upp skilti á húsið við Hamraenda nr. 5 ásamt breytingum á hurð sbr. bréf og teikn. dags 19.03.2008.

Samþykki meðlóðarhafa liggur fyrir.

Erindi samþykkt.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

**Liður 4** Skúlagata 18, viðbygging og endurnýjun.

Stefán Örn Stefánsson/Argos ehf. sækir um f.h. Kristjáns Sigurbjarnarsonar kt. 110150 4829, að rífa skúrbyggingu, byggja viðbyggingu og setja kvisti á þak ásamt alhliða endurbótum á húsinu nr. 18 við Skúlagötu, sbr. teikningar frá Argos ehf., arkitektastofu Grétars og Stefáns dags. 15. mars, 2008.



Samþykkt að grenndarkynna erindi fyrir eigendum Víkurgötu 5, Skúlagötu 16 og 20. Umsögn Húsafriðunar liggur fyrir og gerir ekki athugasemdir við breytingar. Bæjarráð samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

**Liður 6** Sundabakki 8. Umsókn um bílastæði, sorp- og áhaldageymslu og reiðhjólageymslu.

Pétur Kristinsson kt. 140664 4569 Sundabakka 8, sækir um staðsetja bílastæði og sorptunnugeymslu á suðvestur horni lóðarinnar fyrir íbúð á neðri hæð. Og staðsetja sorptunnu- og áhaldageymslu og hjólreiðageymslu fyrir íbúð á efri hæð við bílastæði sbr. teikn og bréf dags. 31.03.2008.

Erindi samþykkt.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

**Liður 9** erindi vísað til skipulags- og byggingarnefndar af bæjarráðsfundi dags. 13.03.2008.

Bæjarráð vísar til umsagnar og skoðunar bréf Umhverfisnefndar Alþingis dags. 26.02.2008 þar sem leitað er eftir umsögnum bæjaryfirvalda á frumvörpum til Alþingis um skipulagslög, mannvirkjalög og brunavarnir.

Erindi lagt fram og rætt. Skipulags- og byggingarnefnd mun vinna áfram að gerð umsagnar til bæjarráðs.

Umsögn bygginga- og skipulagsnefndar um frumvarp til mannvirkjalaga, mál 375

Nefndin tekur undir umsögn samtaka sveitarfélaga en bendir jafnframt á eftirtalda þætti.

- 1) Nefndin telur að í 26. grein þar sem rætt er um byggingastjóra sé verið að svipta iðnmeistara réttindum með að heimila þeim aðeins nýbyggingar einfalds iðnaðarhúsnæðis og minniháttar mannvirkja.
- 2) Áætluð innheimta tíu miljóna á ári í leyfisgjöld byggingastjóra og skoðunarstofa er skattlagning á byggingaiðnaðinn.
- 3) Í heildina séð er forræði flutt frá sveitarfélögum til stofnunar í Reykjavík.
- 4) Það hefur í för með sér verulega aukin kostnað fyrir landsbyggðina.
- 5) Síðast en ekki síst flytjast við þetta störf frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins sem er þvert á stefnu núverandi ríkisstjórnar.

Bæjarráð Stykkishólmsbæjar mótmælir harðlega þeim áformum um aukna miðstýringu og skerðingu á sjálfsstjórnarrétti sveitarfélaga sem fram koma í frumvörpum til mannvirkjalaga (375.mál) og skipulagslaga (376.mál) eins og þau eru lögð fram til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis.

Ljóst er að nái frumvörpin fram að ganga óbreytt er verulega vegið að sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga í bygginga- og skipulagsmálum. Einnig gera frumvörpin beinlínis ráð fyrir að aukinn skattur og kostnaður verði lagður á sveitarfélög og byggingaraðila sem aðeins getur þýtt hærri byggingakostnað. Bæjarráð Stykkishólmsbæjar tekur undir athugasemdir og umsögn Samtaka Íslenskra sveitarfélaga frá 8. apríl 2008 varðandi framangreind frumvörp.

Gretar D. Pálsson

Samþykkt samhljóða.



Fundargerð samþykkt.

5. **0803033 - Fundargerð safna- og menningarmálanefndar, dags. 18.03.2008 (66. fundur).**  
Fundargerð framlögð, drög að samþykktum fyrir Ljósmyndasafn Stykkishólms samþykkt með tveimur atkvæðum Berglind sat hjá, og fundargerð samþykkt.
6. **0803032 - Fundargerð atvinnumálanefndar, dags. 18.03.2008 (71. fundur).**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.
7. **0803030 - Fundargerð húsnæðisnefndar, dags. 17.03.2008 (50. fundur).**  
Fundargerð framlögð og samþykkt. Bæjarráð tekur undir ályktanir nefndarinnar.
8. **0803020 - Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 13.03.2008 (51. fundur).**  
Fundargerð framlögð og samþykkt. Samþykkt að bæjarráð hitti þjónustuhóp aldraðra og bæjarstjóra falið að finna tíma.
9. **0804021 - Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 10.04.2008 (52. fundur).**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.
10. **0803027 - Fundargerð samgöngunefndar SSV, dags. 07.03.2008.**  
[http://www.ssv.is/default.asp?sid\\_id=6328&tre\\_rod=001|004|&tid=4&vef\\_id=136&ID=10952&](http://www.ssv.is/default.asp?sid_id=6328&tre_rod=001|004|&tid=4&vef_id=136&ID=10952&)  
Fundargerð framlögð.
11. **0804022 - Fundargerð Breiðafjarðarnefndar, dags. 11.03.2008 (86. fundur), (www.breidafjordur.is).**  
Fundargerð framlögð.
12. **0804030 - Bréf og reglugerð félags- og tryggingamálaráðuneytis, dags. 11.04.2008 varðandi hækkun húsaleigubóta.**  
Bréf og reglugerð framlögð.
13. **0804027 - Fundarboð og dagskrá. Aðalfundur Jeratúns ehf. 5. maí 2008 kl. 17.00 í FSN.**  
Framlagt.
14. **0804026 - Dagskrá kynningarfundar, sem haldinn veður 18. apríl á Ráðhúsloftinu, vegna minkaveiðiátaks í Eyjafirði og á Snæfellsnesi.**  
Framlagt.
15. **0804023 - Aðalfundur Eflingar, dags. 08.04.2008.**  
Framlagt.
16. **0804024 - Afrit af bréfi frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, dags. 06.04.2008 varðandi búfjáreftilitsferð í Saurlátur og Gimbury.**  
Framlagt.
17. **0804019 - Bréf Byggðastofnunar, dags. 03.04.2008 varðandi styrkumsóknir vegna mótvægisáðgerða ríkisstjórnarinnar á sviði ferðaþjónustu 2008-2009.**  
Framlagt.
18. **0804011 - Bréf og skýrsla Lýðheilsustöðvar, dags. 01.04.2008 varðandi svör leik- og grunnskólastjóra við könnun á aðstæðum barna og unglunga með áherslu á hreyfingu og næringu (<http://lydheilsustod.is/lydheilsustod/allt-hefur-ahrif-einkum-vid-sjalf/>).**  
Framlagt.
19. **0804013 - Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 31.03.2008 varðandi áætlanir um úthlutanir framlaga á árinu 2008.**  
Framlagt.
20. **0804010 - Bréf Umhverfisstofnunar, dags. 31.03.2008 varðandi ársfund Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda sveitarfélaga árið 2008 (8. maí**



- n.k.).  
Framlagt.
- 21. 0804005 - Bréf menntamálaráðuneytis, dags. 27.03.2008 varðandi lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólástjóra.**  
Framlagt.
- 22. 0803039 - Ársreikningur Menningarráðs Vesturlands 2007 og fundarboð vegna aðalfundar Menningarráðs Vesturlands 16. apríl 2008.**  
Framlagt.
- 23. 0803038 - Bréf Félags leikskólakennara, dags. 19.03.2008 varðandi efni frá aðalfundi Félags leikskólakennara.**  
Framlagt.
- 24. 0803026 - Ársskýrsla sýslumanns Snæfellinga vegna árána 2006 og 2007.**  
Framlagt.
- 25. 0803025 - Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga, dags. 11.03.2008 varðandi aðalfund, dags. 04.04.2008.**  
Framlagt.
- 26. 0803024 - Bréf UNICEF Ísland, dags. 11.03.2008 varðandi bók um Barnasáttmálann.**  
Framlagt.
- 27. 0803019 - Bréf HSH, ódags. varðandi þakkir við stuðning.**  
Framlagt.
- 28. 0804037 - Bréf stjórnar foreldrafélags Leikskólans í Stykkishólmi, dags. 10.04.2008 varðandi ítrekun vegna leikvalla bæjarins.**  
Bæjarráð þakkar foreldrafélagi Leikskólans í Stykkishólmi fyrir bréfið og ábendingar. Samþykkt að vísa bréfinu til byggingafulltrúa.
- 29. 0804028 - Bréf Sýslumanns Snæfellinga, dags. 10.04.2008 varðandi umsögn um rekstur Hótel Stykkishólms ehf.**  
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við endurnýjun rekstrarleyfis til Hótel Stykkishólms ehf.
- 30. 0804029 - Bréf Efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 10.4.2008 varðandi frumvarp til laga um skráningu og mat fasteigna ([www.althingi.is/altext/135/s/0830.html](http://www.althingi.is/altext/135/s/0830.html)).**  
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir varðandi frumvarp til laga um skráningu og mat fasteigna. Bæjarráð vill benda á að kostnaður verði ekki aukin hjá sveitarfélögum vegna þessa frumvarps.
- 31. 0804025 - Bréf Fjölbrautaskóla Snæfellinga, dags. 08.04.2008 varðandi tap á rekstri skólaaksturs fyrir nemendur FSN.**  
Samþykkt að bæjarstjóri ræði við aðra bæjarstjóra á Snæfellsnesinu um málið.
- 32. 0804016 - Bréf Aldísar Sigurðardóttur, dags. 03.04.2008 varðandi kaup á Silfurgötu 18b.**  
Samþykkt að láta kostnaðarmeta viðhald á Silfurgötu 18b, áður en ákvörðun um sölu er tekin.
- 33. 0804008 - Bréf Sorpurðunar Vesturlands, ódags. varðandi svæðisáætlun- endurskoðun á árinu 2008.**  
Bæjarstjóra falið að svara bréfinu.
- 34. 0804006 - Framkvæmdaáætlun og bréf Framkvæmdaráðs Snæfellsness (að teknu tilliti til athugasemda sem sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa gert), dags. 01.04.2008.**



Framkvæmdaáætlun Framkvæmdaráðs Snæfellsness samþykkt með áorðnum breytingum.

**35. 0804004 - Bréf Guðmundar Lárussonar og Aðalheiðar Sigurðardóttur, dags. 31.03.2008 varðandi lóð að Skólastíg 4.**

Bæjarstjóra falið að svara bréfriturum. Það er deiliskipulagsvinna í gangi á svæðinu.

**36. 0804003 - Bréf Icefitness ehf. dags. mars 2008 varðandi umsókn um styrk vegna Skólahreysti 2008.**

Bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.

**37. 0804001 - Bréf SSV um upplýsingar (nafnalisti og ferðaáætlun) um ferð SSV til Skotlands, dagana 18.-22. maí n.k.**

Samþykkt að Erla Friðriksdóttir og Ólafur Guðmundsson fari í ferð SSV til Skotlands.

**38. 0803037 - Bréf Landgræðslu ríkisins, dags. 19.03.2008 um samráð við sveitarfélög varðandi Héraðsáætlanir Landgræðslunnar.**

Samþykkt að Erla Friðriksdóttir bæjarstjóri verði tengiliður varðandi Héraðsáætlun Landgræðslu ríkisins.

**39. 0803034 - Bréf Lionsklúbbs Stykkishólms, dags. 17.03.2008 varðandi styrk til greiðslu á fasteignagjöldum 2008.**

Samþykkt að veita Lionsklúbbs Stykkishólms styrk sem nemur fasteignagjöldum af Lionshúsinu árið 2008. Lionsklúbbs Stykkishólms er bent á Orkuveitu Reykjavíkur varðandi niðurfellingu á vatnsgjaldi.

**40. 0803022 - Bréf Reykjavíkur Spa City, ódags. varðandi samþykktir Heilsulindasamtaka Íslands.**

Samþykkt að Stykkishólmsbær verði þátttakandi í Heilsulindasamtökum Íslands.

**41. 0803021 - Bréf sóknarnefndar Stykkishólmskirkju, dags. 13.03.2008 varðandi umsókn um styrk.**

Samþykkt að veita sóknarnefnd Stykkishólmskirkju styrk sem nemur fasteignagjöldum af Stykkishólmskirkju árið 2008. Sóknarnefnd Stykkishólmskirkju er bent á Orkuveitu Reykjavíkur varðandi niðurfellingu á vatnsgjaldi.

**42. 0804014 - Opnun tilboða í endurbyggingu og lagnir í Höfðagötu nr. 1-7.**

Tvö tilboð bárust:

BB og synir ehf. kr. 2.701.430  
Palli Sig. Ehf., EB vélar ehf. og  
Stefán Björgvinsson. kr. 3.066.355

**43. 0804015 - Verksamningur-Höfðagata Stykkishólmi**

Verksamningur við BB og syni ehf. framlagður og staðfestur.

**44. 0804002 - Tillaga að hækkun gjaldskrá tjaldsvæðis fyrir árið 2008.**

Hækkun gjaldskrár á tjaldstæðinu í Stykkishólmi fyrir árið 2008 samþykkt.

**45. 0804031 - Tillögur Hermanns Guðmundssonar, Gretar D. Pálssonar og Erlu Friðriksdóttur að nöfnum á götum í Víkurhverfi.**

Eftirtalin nöfn bárust: Baulutangi, Daddatún, Kakkelfnsholt, Sundvík, Móvík, Dauðmannsvík, Garðabrekka, Vitastígur, Leifatún, Leifablettur, Nonnatún, Nonnablettur, Daddablettur, Víkurtún, Bæjarvík, Naustavík, Hlöðuvík, Hyrnurvík, Hyrnutún, Golsuvík, Golsutún, Bottnuvík, Bottnutún, Lillablettur og Imbutún.

Tillaga bæjarráðs vísað til næsta bæjarstjórnarfundar.



**46. 0804035 - Bréf Gunnhildar Gunnarsdóttur, Berglindar Gunnarsdóttur og Hrafnhildur Sævarsdóttur, dags. 26.03.2008 varðandi styrkbeiðni til að leika með unglíngalandsliði Íslands í körfuknattleik á Norðurlandamóti unglínga í Svíþjóð.**

Samþykkt að veita Gunnhildi Gunnarsdóttur, Berglindar Gunnarsdóttur og Hrafnhildur Sif Sævarsdóttur sérhverri styrk að upphæð 20.0000 kr.

**47. Ályktun til Háskólans á Akureyri varðandi fjarnám.**

Fjarnám Háskólans á Akureyri er mikilvægur kostur fyrir þá sem vilja auka menntun sína og gefur mönnum færi til menntunar sem annars er viðkomandi erfiðleikum háð.

Ljóst er að kröfur um lágmarksfjölda nemenda hverju sinni eru hamlandi fyrir einstaklinga í smærri samfélögum sem hug hafa á framhaldsnámi og kemur jafnvel í veg fyrir möguleika til framhaldsmenntunar.

Bæjarráð Stykkishólmsbæjar skorar á Háskólann á Akureyri að endurskoða kröfur um fjölda nemenda á einstökum námsbrautum í fjarnámi á hverjum stað hverju sinni.

Gretar D. Pálsson  
Elísabet L. Björgvinsdóttir

Samþykkt samhljóða.

**48. Tillaga um göngustíga.**

Undirrituð leggur til að byggingarfulltrúa verði falið að koma með tillögu að legu göngustígs frá gatnamótum Fákaborgar og að Ögursafleggjara. Einnig að byggingarfulltrúi komi með sundurliðaða kostnaðaráætlun á lagningu stígsins.

Greinargerð:

Ég tel mikla þörf á lagningu stígs með þjóðvegi. Mikið hefur aukist að Hólmarar og ferðamenn eru á ferðinni gangandi eða skokkandi upp með þjóðveginum alveg í kantinum og óþægilega nálægt bílaumferð.

Ekki þarf endilega að leggja stíginn í einu lagi heldur áfangaskipta honum þannig að fyrsti hluti verði frá Fákaborgarafleggjara að flugvallarafleggjara. Þ.e.a.s. þar sem götulýsing endar.

Berglind Axelsdóttir

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:08

Þór Örn Jónsson, bæjarritari